



16. Fundargerð Afréttarmálanefndar Gnúpverja

Steinsholti, 26. september 2024

Kl. 20.30

Mætt til fundar:

Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Helga Höeg Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði Helga

1. Fjallferðir gerðar upp

Fjallferðir gengu vel, það smalaðist vel og veður flesta daga gott. Afburðargott verður var í eftirsafni. Nokkra reikninga vantar uppá til að klára uppgjörið.

2. Staða verkefna

- Vegir
 - Lagfæring vegakaflans milli Kisu og Hnífár kláraðist í síðustu viku. Mikið úrrennsli úr veginum við Miklælæk var einnig lagað.
 - Næsta ár stendur til að hefja vinnu við veginn fremst á afréttinum aftur. Vilji til að athuga hvort hægt sé að fara í það fyrr um sumarið svo það nýttist t.d. þegar verið er að keyra á fjall.
- Skaftholtsréttir
 - Afréttarmálanefndin hitti Víglund Kristjánsson í Skaftholtsréttum. Hann ætlar að mæla upp réttirnar og gera tilboð í þær lagfæringar sem gera þarf.
- Girðingar
 - Skógræktargirðingin
 - Veggirðingin með safngerðinu
 - Girðingaáætlun til næstu ára
 - Hestagirðingin og fleiri girðingar við Hólaskóg þarf að girða upp á nýtt.
 - Ný girðing við Reykholt
 - Eðlilegt árlegt viðhald annara girðinga
 - Ræða við Land og skóga um viðhald/nýjar girðingar. Best væri að fá fund með Landi og skógum og fara yfir málin.
 - Hreinsa upp eftir gamlar girðingar við Hólaskóg og á leiðinni upp að Háafossi.
- Skálar
 - Nefndin óskar eftir stöðu mála varðandi útleigu á skálunum. Það er mikilvægt fyrir nefndina að vita hver framtíðarsýnin er. Ef ekki á að leiga þá út vill nefndin halda áfram þeirri vinnu sem hún var byrjuð á varðandi uppbyggingu þeirra.



3. Tillaga formanns afréttarmálanefndar

- Fjallmenn deilast á bæi sem setja fé á afrétt, hlutfallslega eftir fjölda fjár.
- Kostnaður við smalamennskur á Gnúpverjaafrétt deilist á það fé sem er á afrétt hverju sinni.

Í dag borga lögbýli í sveitinni jarðarþúsund, sem er ákveðinn réttur hvers bæjar til að nýta afréttinn. Þessi fjárhæð er í dag samtals 620.144 kr og er meira en nóg til viðhalds girðinga og safngerða. Þannig taka allir bæir þátt í viðhaldi hvort sem þeir setja fé á afrétt eða ekki. Það er eðlilegt að kostnaður við smalamennskur hverju sinni sé greitt af þeim sem eiga það fé sem á afrétt er.

Umræður fóru fram um tillöguna. Ákveðið var að fresta afgreiðslu hennar til næsta fundar, þar sem ekki var samstaða um hana og nákvæmar upplýsingar um kostnað lágu ekki fyrir.

4. Niðurstöður hugarflugsfundar

Nefndin heldur áfram vinnu við að taka saman niðurstöður hugarflugsfundar með sauðfjárþændum sem haldinn var síðastliðið vor.

5. Erindi frá formanni afréttarmálanefndar

Formaður afréttarmálanefndar las eftirfarandi erindi upp fyrir nefndina:

Ég hef talað fyrir breytingum á ýmsu tengt afrétti og réttum. Ég tel óþarfa að vera að reka fé á veginum frá Fossá og fram í réttir, hvorki bjóðandi skepnum né fólki upp á þær aðstæður. Umferðin eykst með hverju árinu og þykir mér ótrúlegt að ekki hafi orðið slys skepnum eða fólki, ég vil ekki biða eftir því að það gerist. Við höfum haldið fundi með sauðfjárþændum um nokkrar útfærslur, að halda þessu óbreyttu, að keyra féð af afrétti fram í réttir eða að byggja réttir inn við Fossá. Þar hafa komið ýmis rök með eða á móti hverri tillögu sem er vel. Fyrir mér er þetta tvennt, nýjar réttir inn við Fossá, þar sem skipulag rétta verði út frá góðum vinnubrögðum sem og dýravelferð eða rétta áfram í Skaftholtsréttum, út frá menningarlegri sögu. Ég veit hvað mast velur. En ef fólk telur menninguna í kring um Skaftholtsréttir vera mikilvægari en nútíma vinnubrögð og dýravelferð þá virði ég það, þó sammála sé ég ekki. Þörf er á að fara í kostnaðarsamar viðhaldsaðgerðir á Skaftholtsréttum svo þær geti þjónað hlutverki sínu þar með talist fjárheldar næstu árin. Ég tel mun gáfulegra að halda þeim við sem menningarminjum, kostnaðarminna og einfaldara verk, gera þær að sögustað.

Oft er talað um hefðir sem ekki má breyta, en sem betur fer hafa hefðir tengdar smalamennskum breyst í gegnum árin. Ég er ekki viss um að margir gæfu sig fram í smalamennskur afréttarins ef enn væri sofið í tjöldum t.d.



Ég sé ekki fram á að nýta afréttinn næstu ár og tel því eðlilegt að aðrir sem það hyggjast gera sjái um þá miklu sjálfbodavinnu sem formaður afréttarmálanefndar sinnir. En ég vil biðja til bænda að vera óhræddir að ræða nýjar hugmyndir og aðrir að geta hlustað á nýjar hugmyndir án þess að nota þau rök að verið sé að eyðileggja líf fólks, það gerir lítið úr stöðu fólks annarstaðar í heiminum þar sem raunverulega er verið að eyðileggja líf.

Ég segi mig hér með úr afréttarmálanefnd Gnúpverja.

Gylfi Sigríðarson

Fundi slitið kl. 22.40